

Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeildum
VINN2LS08
Námsáætlun haustönn 2021



Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing fyrir skurð- og lyflækningadeildir: :

Vinnustaðanámið fer fram á almennri deild á sjúkrahúsi s.s. skurð- og lyflækningadeildum. Nemandinn vinnur jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandinn fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða og öðlast þjálfun í þeim. Í upphafi tímabils setur nemandinn sér persónuleg og fagleg markmið um vinnustaðanámið. Á meðan á vinnustaðanámi stendur skal nemandinn fylla út gátlista og ferilbók um unna verkþætti.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- athöfnum daglegs lífs (ADL) við umönnun sjúklunga á sjúkrahúsum
- viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingavarnir
- fylgikvillum rúmlegu
- faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum
- mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi sjúklings
- mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum
- skráningu hjúkrunar
- mikilvægi þagnarskyldu
- réttindum sjúklunga samkvæmt lögum
- undirbúningi sjúklings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- mikilvægi forgangsröðunar í hjúkrunarstörfum
- sýnatökum og meðferð sýna

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta sjálfsbjargargetu og þarfir sjúklingsins í athöfnum daglegs lífs
- vinna eftir reglum um smitgát og sýnatökur
- sýna sjúklingi faglega umhyggju í hjúkrun
- taka þátt í að mæla og skrá algengar athuganir hjá sjúklingum
- nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt
- taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta
- forgangsraða eigin störfum
- vinna samkvæmt hjúkrunarferli
- útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttindi sjúklunga
- taka þátt í hjúkrun sjúklunga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til
að:

- velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- geta tekið þátt í hjúkrun sjúklings fyrir og eftir aðgerð og rannsóknir
- virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar við sjúkling
- sýna hæfni í samskiptum við sjúklunga og samstarfsfólk
- sýna faglega umhyggju í hjúkrun

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.: 27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 5

**Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeidum
VINN2LS08
Námsáætlun haustönn 2021**



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsgögn:

Greinar og efni valin af nemendum út frá verkefnalýsingum.

Tilhögun verklega námsins í VINN2LS08 á haustönn 2021

★ Verknámstímabilið er frá **6. september – 24. september** og er **15 vaktir**.

★ Hver nemandi hefur sinn tengil/tengla á hverri vakt og skal fylgja honum og/eða fyrir mælum hans. Tengill og deildarstjóri bera ábyrgð á að útvega nemandanum námstækifæri inni á deildinni.

★ Æskilegast er að nemandi sé morgunvaktir en taki 2-3 kvöldvaktir eftir aðstæðum. Á sumum deildum verða nemandar að taka fleiri kvöldvaktir ef aðstæður á deildinni krefjast þess. Næturvaktir eru ekki viðurkenndur námstími. Röðun nema á tengla og á vaktir er í höndum tengils og deildarstjóra. Allt „hringl“ með vaktir er óæskilegt.

Nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga.

★ Þeir nemendur sem eru á **SAk** mæta í **Kjarna kennslustofu SAK 2. hæð kl. 10 mánudaginn 6. september** en þar mun umsjónarkennari hitta nemendur ásamt verkefnastjóra fræðslumála í hjúkrun á SAK.

★ **Skrifa þarf undir þagnarskyldu áður en verknám hefst.**

★ Nemendur sem eru á öðrum verknámsstöðum en SAK fá upplýsingar um mætingu á fyrstu vakt frá kennara eða viðkomandi deild.

★ Munið að mæta stundvíslega á vaktir og það er 100% mætingarskylda í verklegu námi. Ef einhver forföll verða látið deildina og umsjónarkennara vita í tölvupósti á netfangið maria@vma.is.

★ Skipti á vöktum á ekki að gera nema brýna nauðsyn beri til og **þá alltaf** í samráði við tengil og/eða deildarstjóra.

★ Ef það eru „dauðir“ tímar á deildinni nýtið þá t.d. við að afla ykkur heimilda fyrir verkefni, kynnið ykkur lesefni á deildunum, spjallið við sjúklinga, biðjið einhvern á deildinni að sýna ykkur eitthvað sem þið hafið áhuga á að vita meira um, farið yfir vökvadætur og önnur tæki og tól og svo frv. „dauður“ tími er ekki frí! Notið þessar fáu vaktir sem þið hafið inni á deildunum **vel**.

★ Umsjónarkennari mun koma á deildir SAK og HAK og hitta nemendur á meðan verknámið stendur yfir og koma til að gera lokamatið. Umsjónarkennari mun hafa síma og/eða tölvu samband við nemendur og deildir á öðrum stöðum en Akureyri. Nemendur geta alltaf haft samband við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst.

★ Bannað er að vera með símana á sér í vinnunni, geyma í skáp og skoða þá bara í matar og kaffihléum.

★ Ef það er eitthvað sérstakt sem þarf að taka tillit til, hvort sem er tengt vinnuþlani, andlegri líðan eða veikindum skal láta vita af því áður en verknám hefst.

Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeidum
VINN2LS08
Námsáætlun haustönn 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
6. sept – 24. sept	Verknám á stofnun	Fylla út ferilbók og þar með sjálfsmat. Vinna að dagbók samhliða verknámi.	Verknám 35% Ferilbók 5%
24. sept – 3. okt	Dagbókarvinna	Klárað að vinna dagbók út frá verkefnalýsingu.	Dagbók 25%
25. sept til 12. Nóv.	Tengja verklega upplifun við fræðin	Ritgerðarvinna	Ritgerð 35%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:		<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta			Vægi
Verklegt	Mat á verklegu námi á deild			35%
Ferilbók og sjálfsmat	Fylla út ferilbók og gera sjálfsmat um mitt tímabil verknáms og í lok þess.			5%
Dagbók	Skrá dagbók um verknámið, sjá nánar og skiptingu námsmatsþátta neðst í upplýsingum um dagbókina			25%
Ritgerð	Ritgerð um hjúkrun á sjúkdóm/aðgerð, sjá nánari lýsingu og skiptingu á námsmatsþáttum hér fyrir neðan			35%
Samtals:				100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 4 í ritgerð og skila þarf dagbók og ferilbók.

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á námsáætlun

Mat á verklegu námi á deild (35%): Í lok verknámsins er gefin einkunn fyrir námið á deildinni og er hún gefin sameiginlega af tengli, deildarstjóra og umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði.

Ferilbók og sjálfsmat (5%): Nemandi fyllir út ferilbók eftir því sem við á og gerir sjálfsmat á miðju tímabili og í lok verknáms. Nemandi fær tækifæri til að bera saman eigið mat við mat deildarinnar á sameiginlegum fundi með tengli og umsjónarkennara í lok verknámsins. Mundu að vera búin að gera sjálfsmatið þegar lokamatið fer fram. Umsjónarkennari mun heimsækja deildina á námstímanum og

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 4 af 5

**Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeidum
VINN2LS08
Námsáætlun haustönn 2021**



ræða miðjumat við tengil. Í miðjumatinu er gefin skrifleg umsögn og ef ástæða þykir til er möguleiki á að nemandi fái aðvörun um að taka sig á og jafnvel fall ef nemandi hefur staðið sig mjög illa. Á stöðum fyrir utan Akureyri mun umsjónarkennari vera í sambandi við deildir í kringum miðjumatið. Allir nemendur þurfa að skila sjálfsmati í miðju- og lokamati. Nemandi ber ábyrgð á að koma ferilbókinni til kennara.

Dagbók (25%): Nemandi heldur dagbók á verknámstímabilinu þar sem fært er inn hvað hann hefur gert á hverri vakt. Segið frá ykkar upplifun og tilfinningum um það sem þið takist á við í verknáminu. Ekki eiga að koma fram lýsingar af sjúklingum heldur atvikum sem snúa að hjúkrun án þess að hægt sé að rekja atvikið til ákveðinna sjúklinga. Munið þagnarskylduna! Í upphafi verknámsins **skal nemandi setja sér 5 markmið** með veru sinni á deildinni og hafa þau í huga þegar verið er að færa inn í dagbókina. Markmiðin á nemandi að vera búinn að setja sér þegar hann kemur á vakt **9. september** og þarf þá að fá undirskrift leiðbeinenda fyrir markmið (í ferilbók). Markmiðin eiga að vera lýsandi og a.m.k. fimm markmið. Horfið á markmið áfangans og sjúklingahóp deildarinnar þegar þið eruð að setja ykkur markmiðin. Mikilvægt er að tenglarnir sjái þessi markmið ykkar þannig að þeir séu betur meðvitaðir um það sem þið viljið leggja áherslu á. **Setjið þessi markmið einnig inn í upphafi dagbókarinnar og metið hvort þessum markmiðum hafi verið náð í lokin (meta hvert og eitt með rökum).**

Í dagbókinni þarf að vera lýsing á deildinni; þ.e. hvers konar deild er um að ræða, helstu aðgerðir/sjúkdómar, stærð deildar, fjöldi starfsf., hvaða starfsstéttir eru, hvað gera sjúkraliðar, hvernig hjúkrun er (sjúklingahópur), t.d.fjöldi innlagna á ári, hvað er skemmtilegt/áhugavert við deildina og fl. Í lok dagbókar þarf að koma fram mat á því helsta sem nemandi telur sig hafa lært mest á tímabilinu. Dagbókinni á að skila til kennara viku eftir að verknámi lýkur (notið línubil 1,5 og leturgerð 12, gerið forsíðu með helstu upplýsingum).

Námsmatsþættir dagbókar skiptast í: Markmiðssetningu (10%) og mat á hverju markmiði fyrir sig (10%), kynning á deild (20%), daglegar dagbókarfærslur á helstu viðfangsefnum sem neminn gerði og upplifði (20%), vangaveltur, upplifun, líðan og framfarir í verknáminu (40%).

Ritgerð (35%): Nemandi gerir 5-8 blaðsíðna verkefni um sjúkdóm/aðgerð með áherslu á þá hjúkrun sem fylgir viðkomandi skjólstæðingum og nemandi hefur

Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeidum
VINN2LS08
Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

fylgt eftir í verknáminu á deildinni. Í verkefninu þarf að setja fram 3 hjúkrunargreiningar og fyriræmi með þeim. Eina hjúkrunargreininguna þarf nemandi að velja og fjalla nánar um, segja frá hvers vegna þessi greining er sett fram (rökstyðja með heimildum) og fjalla um þá hjúkrun sem sjúkraliðar veita.

- ✓ Verkefnið skal hafa inngang, meginmál og lokaorð, setjið inn blaðsíðutal og heimildaskrá. Nota skal leturgerð 12 og línubil 1½. Ég vil að í hverju verkefni komi fram a.m.k. þrjár heimildir úr fræðilegum bókum/greinum. Þetta er einstaklings verkefni og skiladagur er **8. nóvember**.
- ✓ Verkefni skal skila á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefni/ritgerð viku eftir skiladag.
- ✓ Munið að setja engin nöfn inn í verkefnið og ég vil minna á þagnarskylduna sem gildir í öllu því sem viðkemur námi ykkar á deildunum.
- ✓ Allar heimildir sem þið notið í verkefninu eiga að koma fram í heimildaskrá. Það er ágætt að hafa það í huga að allar heimildir sem þið notið verða þeir sem lesa verkefnið að geta nálgast á einhvern hátt með því að skoða heimildaskrána. **Námsmatsþættir verkefnisins skiptist niður þannig.** Fræðileg umfjöllun 40%, tenging við starf sjúkraliða 30%, uppsetning og frágangur 10%, heimildaskráning og notkun heimilda inni í verkefninu 10%, eigin hugleiðingar og gagnrýni 10%.

Ef það er eitthvað sem þið eruð að velta fyrir ykkur þá endilega hafið samband við undirritaða, hvort sem það er vegna verknámsins eða verkefna á netfangið mitt maria@vma.is.

Dagsetning: 17.8.21

Maria A. Kr.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
Undirritun þrautarstj., fagstj eða staðgengils

